



Auðlindir

NORÐURLANDA

Formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2004



Efnisyfirlit

Inngangur	2	Mannauðurinn	13
Lýðræði	4	Efla þarf lýðheilsu	13
Lýðræði á öld upplýsingatækni	4	Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu	13
Lýðræði fyrir alla	4	Starfsmannastefna í heilbrigðis- og félagsþjónustu ..	13
Engar hindranir á norrænum landamærum	5	Samhæfð þjónusta fyrir aldraða	14
Svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf	5	Nýjar leiðir í atvinnumálum fatlaðra	14
Grannsvæðasamstarf – nýjar viddir	6	Betri þjónusta við börn með sérþarfir	14
Grannsvæðasamstarf – ný sýn	6	Samstarf um vímuvarnir	14
Lagasamstarf	7	Fangar fái meðferð	14
Menning	9	Húsnæði fyrir alla	15
Menningarsamstarf	9	Markviss byggðastefna	15
Að nýta betur menningararfinn	9	Burt með kynbundinn launamun	16
Að vinna land í listum	10	Frjáls för vinnandi fólks	16
Að nýta atorku æskunnar	10	Samkeppni um fræðsluefni fyrir neytendur	17
Að framleiða meira af stafrænu menningarefni ..	10	Náttúra	20
Að kynna betur norræna menningu	10	Verndun hafsins	20
Menntir og vísindi	11	Örugg matvæli	20
Lífsleikni og lifandi skóli	11	Heilnæmar sjávarafurðir	21
Skilvirkara rannsóknarsamstarf	11	Erfðaauðlindir í dýrum og plöntum	21
Nýsköpun í norrænu atvinnulífi	12	Vetni og endurnýjanlegar orkulindir	22
Nám óháð búsetu	12	Samgöngur og sjálfbær ferðaþjónusta	23
Norrænt málráð	13	Norðaustursiglingaleiðin	23

Formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2004





Inngangur

Íslendingar munu undir yfirskriftinni *Auðlindir Norðurlanda* leiða norrænt samstarf á árinu 2004. Yfirskriftin hefur viðtæka skírskotun. Með auðlindum er átt við samfélagsgerðina, félagslegar aðstæður, menningararfinn og náttúruauðlindir. Frumauðlindin er þó fólkið sjálft og leiðarstef í öllum stefnu-miðum er að virkja eigi og nýta betur mannauðinn til að efla samkeppnishæfni Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Náttúrugæði á Norðurlöndum eru mikil hvort heldur er í óspilltri og fjölbreyttri náttúru eða í nýtanlegum auðlindum. Þjóðskipulag hvílir á traustum lýðræðisgrunni, lýðræðið er virkt, félagsleg auðlegð er mikil, þjóðfélagsumræðan er frjó og starfsemi frjálsra félagasamtaka stendur með blóma. Stjórnsýsla á Norðurlöndum er opin og

gegnsæ og almennt njóta stofnanir samfélagsins trausts. Norrænu ríkin hafa farið svipaðar leiðir til að tryggja góða menntun, vísindastarfsemi, hagnýtingu tækni, heilbrigðisþjónustu og félagslegt öryggi og hefur það skipað þeim í fremstu röð þjóða. Sterk samkennd frændþjóðanna er til vitnis um ríka og fjölbreytta menningararfleifð sem þær eiga sameiginlega. Samstarf og sambúð þeirra er góð og sama gildir um samskipti við grannþjóðirnar. Norrænu ríkin eru, þó með mismunandi hætti sé, virkir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi og samtökum sem hafa mótandi áhrif á þróunina á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Auðlindir Norðurlanda eru því margþættar og saman mynda þær undirstöður velferðarinnar. Þær skýra sterka stöðu Norðurlanda í samfélagi þjóða. Nýta þarf hinar fjölbreyttu auðlindir til fullnustu, styrkja þannig velferðina og tryggja framsókn landanna á alþjóðavettvangi.

Á formennskutímanum ætla Íslendingar að varpa fram nokkrum mikilvægum spurningum til umræðu á norrænum vettvangi:





- Verður lýðræðið nægilega virkt á næstu áratugum í heimi upplýsingatækni og hnattvæðingar?
- Hvernig eigum við að bregðast við ógnum sem steðja að lífríki á norðurslóð?
- Verndum við nógu vel auðlegð ósnortinnar náttúru Norðurlanda?
- Er atorka æskunnar vannýtt?
- Er vannýttur auður í Norðurlandabúum af erlendum uppruna?
- Er vannýttur mannauður í dreifðum byggðum Norðurlanda?
- Hvernig má styrkja nýsköpun og þekkingariðnað til að efla útrás Norðurlanda í hnattvæddum viðskiptaheimi?
- Eigum við vannýttan auð í norrænum menningararfi og listum?

- Nýtum við sem skyldi norræna samstarfshefð, hvort heldur er á norrænum vettvangi eða í starfi alþjóðastofnana?
- Má nýta betur tækifæri sem felast í samstarfi við Eystrasaltsríkin og önnur grannsvæði í austri?
- Nýtum við til fulls möguleika á samstarfi við grannsvæði við Norður-Atlantshaf?

Leiðarstef áætlunarinnar eru lýðræði, menning og náttúra og eru þau samtvinnuð á margvíslegan hátt. Nýting mannauðs verður ekki skilin frá menningu, samfélagsgerð og lýðræðishefð. Þá eru tengsl náttúruauðlindanna við mannauðinn órjúfanleg því mannleg þekking og hugvit er forsenda þess að við getum nýtt náttúruna og skapað ný verðmæti.





Lýðræði

Ein helsta auðlind og aflvaki Norðurlanda er lýðræðishefðin. Leikreglur lýðræðisins skipta ekki minna máli en lýðræðið sem stjórnarform. Í þeim felst ákveðin aðferð til að rýna í úrlausnarefni af víðsýni og umburðarlyndi í því augnamiði að finna á þeim skynsamlega lausn sem horfir til almannaheilla.

Lýðræðislegu þjóðskipulagi verður aldrei komið á í eitt skipti fyrir öll. Lýðræði er ekki sjálfgefið heldur þarf stöðugt að vaka yfir því. Leita þarf leiða til að allir samfélagshópar fái sem best notið lýðræðislegra réttinda. Í sönnu lýðræðisþjóðfélagi er engin rödd svo veik að hún heyrist ekki.

Lýðræði á öld upplýsingatækni

Norðurlandaráð hélt árið 2002 þemafund á Íslandi undir yfirskriftinni *Norrænt lýðræði 2020* þar sem framtíð lýðræðis sem stjórnarforms var rædd. Þar var hvatt til meiri umræðu um þetta mikilvæga málefni.

Lýðræðislegt þjóðskipulag stendur vissulega traustum fótum á Norðurlöndum. Sífellt þarf þó að hafa gát á grunnþáttum raunverulegs lýðræðis svo sem almennri kosningaþátttöku og áhuga almennings á stjórnmalastarfi. Með upplýsinga- og fjarskiptatækni hafa skapast tækifæri til að miðla betur upplýsingum og þjónustu og greiða fyrir opnari samskiptum milli stjórnvalda og almennings. Hnattvæðingin leiðir á hinn bóginn til þess að menn þurfa að nálgast úrlausnarefni á nýjan hátt, heima fyrir og á alþjóðavettvangi.

Íslendingar leggja til að samstarfsráðherrarnir taki áskorun Norðurlandaráðs og skipi *Lýðræðisnefnd* með fulltrúum norrænu ríkisstjórnanna sem falið verði að skoða framtíð lýðræðisins með tilliti til framangreindra þátta. Nefndin á jafnframt að skoða hvernig nýta megi tæknina til að bæta aðgengi almennings að upplýsingum og aðkomu að störfum löggjafa og framkvæmdavalds þegar ákvarðanir eru teknar. Stefnit er að því að halda á árinu ráðstefnu um lýðræðisþróun í upplýsingasamfélagi sem ráðherranefndin um upplýsingatækni mun standa fyrir. Ráðstefnan verði haldin í samstarfi við *Lýðræðisnefndina*.

Lýðræði fyrir alla

Athygli verður beint að æskufólki með það að leiðarljósi að stuðla að virku lýðræði í framtíðinni. Miklu skiptir að sú kynslóð sem er að vaxa úr grasi sé skipuð ábyrgum og



sjálfstæðum einstaklingum sem þekkja leikreglur lýðræðisins á öllum sviðum. Því leggja Íslendingar áherslu á að málefni barna og ungmenna verði áfram í fyrirrúmi í norrænu samstarfi. Markmið framkvæmdaáætlunar um norrænt barna- og æskulýðssamstarf, *Norðurlönd inn í nýtt árþúsund*, falla vel að stefnumiðum Íslendinga, meðal annars að leggja áherslu á að æskufólk sé virkt og hafi áhrif á eigin málefni. Íslendingar vilja fylgja eftir starfi sem hófst í formennskutíð Norðmanna og miðaði að því að efla þátttöku ungs fólks í lýðræðissamfélagi og lýðræðislegum ákvörðunum. Efnit verður til ráðstefnu um hlutverk æsku-fólks í virku lýðræði.

Ein forsenda þess að lýðræðið sé virkt er að allir samfélags-hópar eigi þess kost að hafa raunveruleg áhrif í þjóðfélaginu. Innflytjendur á Norðurlöndum, með rætur í annarri menningu, eiga oft á hættu að einangrast, og á það ekki síst við um konur. Íslendingar ætla að taka við boðkeflinu úr höndum Svía og vinna að aðlögun og virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu, enda hefur það mikla þýðingu að nýta hæfileika þeirra, þekkingu og menningarauð.

Engar hindranir á norrænum landamærum

Í norrænu samstarfi hefur það verið forgangsmál frá upphafi að stuðla að því að fólk eigi þess greiðan kost að fara á milli landanna til starfa, náms og skemmri dvalar og

njóta eftir því sem kostur er sama réttar og heimamenn. Þetta er markmið margra norrænna milliríkjasamninga um réttindi borgaranna. Þó er enn víða pottur brotinn. Átak hefur því verið gert til að afnema landamærahindranir eftir að skýrslurnar *Norðurlönd umleikin vindum veraldar* (2000) og *Réttindi Norðurlandabúa* (2001) voru gefnar út. Íslendingar munu fylgja eftir þeirri stefnu að ryðja úr vegi hindrunum á norrænum landamærum. Til að ná því markmiði hefur Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Dana verið falið að halda áfram á árinu 2004 að knýja á um samræmdar aðgerðir ráðherranefnda.

Svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf

Ein birtingarmynd norrænu samstarfshefðarinnar er svæðasamstarf Norðurlanda. Það hefur að sönnu skilað árangri með betri auðlindanýtingu og auknum lífsgæðum. Þannig hafa Svíar og Finnar haft augljósan hag af því að rækta svæðasamstarf sín á milli og á Eyrarsundssvæðinu eiga Danir og Svíar gott samstarf um að leysa sameiginleg verkefni. Á sama hátt hafa norrænu ríkin í Norður-Atlantshafinu ótvíræðan hag af því að snúa bókum saman í mörgum hagsmunamálum. Íslendingar leggja því mikla áherslu á að vestnorræna svæðasamstarfið fái meira vægi, einkum vegna þess að hagsmunir Norður-Atlantshafs-svæðisins afmarkast ekki við Vestur-Norðurlönd heldur fara þeir saman við heildarhagsmuni Norðurlanda.



Grannsvæðasamstarf – nýjar víddir

Þeirri skoðun hefur vaxið fylgi innan Norrænu ráðherranefndarinnar að tímabært sé að beina sjónum að næstu grönnum Vestur-Norðurlanda við Norður-Atlantshaf. Íslendingar telja brýnt að ráðherranefndin hefjist handa við að móta stefnu um samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri, þ.e. Atlantshafshéruð Kanada, Nunavut, Nunavik, Skotland, skosku eyjarnar, Írland og Norður-Írland. Það er nátengt þeirri sýn að efla beri vestnorrænt svæðasamstarf á öllum sviðum. Þau rök vega þyngst að allar þjóðir við Norður-Atlantshaf bera sameiginlega ábyrgð á sjávarauðlindum og nýtingu þeirra og verða því að vinna saman að því að vernda vistkerfi hafsins.

Á árinu 2003 var lögð fram í ráðherranefndinni skýrslan *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*. Starfshópur gerði skýrsluna að beiðni norrænu samstarfsráðherranna og þeir samþykktu hana á fundi sínum í júní sama ár. Hún nær til fjölmargra samstarfssviða ráðherranefndarinnar. Í henni eru beinar tillögur og hugmyndir að verkefnum, hvort heldur er í vestnorræna svæðasamstarfinu eða í samstarfi við grannsvæði Vestur-Norðurlanda. Óskað hefur verið eftir því að fagráðherranefndir geri grein fyrir því hvornig þær ætli að fylgja skýrslunni eftir. Íslendingar ætla á formennskutímanum að knýja á um að áform fagráðherranefnda komi tafarlítið til framkvæmda.

Grannsvæðasamstarf – ný sýn

Samstarf við granna í austri, Eystrasaltsríkin og nú í vaxandi mæli Norðvestur-Rússland, byggir líka á þróttmikilli norrænni samstarfshefð. Undanfarinn áratug hafa norrænu ríkin, hvert í sínu lagi og sameiginlega, tekið þátt í miklu uppbyggingarstarfi á þessum grannsvæðum, með fjárframlögum og sérfræðiaðstoð. Samstarfið hefur verið heilla-drjúgt og mikilvægt er að rækta það áfram á norrænum og evrópskum vettvangi. Á næstu árum mun þessi þáttur í norrænu samstarfi þó óhjákvæmilega breytast. Gert er ráð fyrir að þungamiðja grannsvæðasamstarfsins færist smám saman til Norðvestur-Rússlands. Í kjölfar fyrirhugaðrar aðildar Eystrasaltsríkjanna að Evrópusambandinu stendur fyrir dyrum heildarúttekt á samstarfi ráðherranefndarinnar við þau og Norðvestur-Rússland. Þessu starfi verður fylgt eftir á næsta ári.

Norðurskautsáætlunin er til vitnis um þá ríku áherslu sem Norðurlönd leggja á samstarf á norðurslóð. Á árinu 2003 var norðurskautssamstarfið aðgreint frá öðru grannsvæðasamstarfi og ákveðið að hækka framlög til þess frá og með árinu 2004. Núgildandi áætlun nær til ársins 2005 og er megináhersla lögð á málefni frumbyggja, heilbrigðismál, málefni kvenna og sjálfbæra þróun.



Norræna ráðherranefndin starfar einnig með Norðurskautsráðinu og tekur þátt í verkefnum þess. Þá hefur hún lýst yfir vilja til að hafa meira samstarf við Evrópusambandið sem meðal annars endurspeglast í aðkomu hennar að áætluninni um *Norðlægu víddina* svokölluðu.

Svæðisbundið samstarf mun fá aukið vægi í Evrópusambandinu eftir stækkun þess. Íslendingar vilja vinna að því að samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja verði þýðingarmikið evrópskt svæðasamstarf. Norræna ráðherranefndin er mikilvægur vettvangur umræðu, skoðanaskipta og samráðs um evrópsk og önnur alþjóðleg mál. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eiga sér stað í Evrópu er nauðsynlegt að efla þennan óformlega þátt samstarfsins.

Lagasamstarf

Byggja þarf á þeirri hefð sem er fyrir samráði við laga-setningu í norrænu samstarfi við að innleiða ESB/EES-gerðir og samræma sem mest löggjöf á Norðurlöndum. Það er forsenda þess að norræn velferðarþjóðfélög verði áfram samstillt þó löndin hafi valið ólíkar leiðir að sama marki. Eins er mikilvægt fyrir atvinnulífið að samræmi sé á

sviði löggjafar svo að öflugur norrænn heimamarkaður geti dafnað.

Samstarf norrænu dómsmálaráðuneytanna endurspeglar sameiginlegt gildismat og réttarvitund. Slíkt umhverfi skapar frjóan jarðveg fyrir réttarbætur. Markmiðið er að Norðurlandabúar njóti áfram góðs af samstarfinu með því að lög séu samræmd að því marki sem unnt er.

Áfram verður lögð rík áhersla á að samræma lög á sviði sifjaréttar og erfðaréttar. Í samstarfi norrænu dómsmálaráðherranna verður baráttan gegn hryðjuverkum og man-sali einnig í fyrirrúmi. Þá mun gaumur verða gefinn að alþjóðlegri þróun á sviði réttarfars og refsiréttar með það að markmiði að tryggja og auka áhrif norrænnar lagahefðar.

Stjórnsýslan á Norðurlöndum og norrænn stjórnsýsluréttur verður í auknum mæli fyrir áhrifum frá Evrópuréttinum. Í ljósi þess er nauðsynlegt að ræða hvort ástæða sé til að efla samstarf Norðurlanda á þessu sviði. Leitast verður við að skilgreina hvort í norrænum stjórnsýslurétti felist kostir sem vert er að halda í og standa vörð um.





- Lagt verður til að nefnd skipuð fulltrúum norrænu ríkisstjórnanna fjalli um lýðræðisþróunina og áhrif upplýsingatækni.
- Efnt verður til ráðstefnu um framtíð lýðræðis í upplýsingasamfélagi.
- Áhersla verður lögð á að fylgja eftir tillögum um að vestnorrænt svæðasamstarf fái meira vægi í Norðurlandasamstarfi.
- Unnið verður að því að efla samstarf við næstu nágrenna Vestur-Norðurlanda við Norður-Atlantshaf.
- Íslendingar vilja efla óformlegt samráð Norðurlanda um Evrópumál.
- Efnt verður til ráðstefnu um hlutverk ungs fólks í virku lýðræði.
- Áfram verður unnið að því að virkja þann auð sem felst í fjölmenningslegu samfélagi og stuðla að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu.
- Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur verður falið að halda áfram því starfi sem hann var skipaður til af Svíum og leita leiða til að ryðja úr vegi landamærahindrunum.
- Áhersla verður lögð á samræmingu laga á Norðurlöndum.





Menning

Íslendingar munu halda fram þeirri skoðun að nýta beri í miklu ríkara mæli þann styrk sem Norðurlönd búa yfir og felst í mannauði, sameiginlegum menningararfi og gildismati, svo og öfluggu mennta-, vísinda- og nýsköpunarkerfi. Margt bendir til þess að Norðurlönd hafi hingað til vannýtt þessa auðlind til að hasla sér völl á alþjóðlegum vettvangi. Íslendingar leggja því áherslu á að nýta sem best innri og ytri styrk Norðurlanda til að efla samkeppnisstöðu á sviði menningar, mennta og vísinda. Lykilorðin eru annars vegar *samlegð* og hins vegar *hnattræn útrás*. Með öflugra rannsóknarsamstarfi þarf að samhæfa þekkingarauðinn í löndunum, en jafnframt stefna að útbreiðslu norrænna menningar-, mennta- og vísindaafurða.

Íslendingar vilja auka samstarf við ríki utan Norðurlanda, sérstaklega grannsvæðin við Norður-Atlantshaf. Fylgt verður eftir tillögum og ábendingum á sviði menningar, mennta og vísinda í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*. Íslendingar munu jafnframt fylgja eftir

samstarfi Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, meðal annars með sameiginlegum ráðherrafundi um menntamál og vísindi sem haldinn verður 2004.

Menningarsamstarf

Íslendingar munu vinna að því að endurskoða starfsáætlun norrænu menningarráðherranna, *Norrænt menningarsamstarf við árpúsundamót – stefnumið*, sem samþykkt var 1998. Einnig verður fylgt eftir starfi Svía við að endurskoða styrkjakerfi og uppbyggingu menningarsamstarfs. Haldið verður málþing um fyrirkomulag norræns menningarsamstarfs á vegum ráðherranefndarinnar þar sem endurskoðun á starfsáætlun menningarráðherranna verður á dagskrá.

Jafnframt setja Íslendingar fram sín sjálfstæðu markmið:

Að nýta betur menningararfinn

Íslendingar munu beita sér fyrir því að auðsuppsprettan í fornbókmenntum Norðurlanda verði betur nýtt. Unnið er út frá þeirri hugmynd að þessi grunnþáttur í norrænum menningararfi geti verið aflvaki nútímamenningar. Sérstaklega ber þar að nefna norrænu goðafræðina sem er óumdeilanleg sameign þjóðanna. Eftir verður til ráðstefnu þar sem þessi málefni verða rædd.



Að vinna land í listum

Íslendingar vilja leggja áherslu á að listamenn búa yfir andlegri auðlegð og eru skapandi, samfélagslegt afl. Listir eiga að njóta viðurkenningar sem nauðsyn í daglegu lífi fólks í stað þess að vera skrautfjöldur á tyllidögum og aukageta. Þessi skoðun verður látin í ljósi með ýmsum hætti á formennskutímanum. Einnig verður hugað að því hvernig listin geti í senn sótt næringu til grasrótarinnar og frjóvgað hana. Í því skyni munu Íslendingar beita sér fyrir samstarfi listamanna og grasrótar, svo sem skapandi listrænu starfi með börnum. Ný tækni og þverfagleg viðhorf í listum skapa grunn að mögulegum landvinningum, innan og utan Norðurlanda, sem Íslendingar vilja greiða fyrir.

Að nýta atorku æskunnar

Samhliða því að samstarfsáætluninni *Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund* verður framfylgt munu Íslendingar fylgja eftir samstarfsáætluninni *Ungir Norðurlandabúar – samstarf og fjölbreytni 2002–2006*, þar sem barna- og unglingamenning er í brennidepli. Fylgt verður fjórum meginþáttum og unnið með fjölmenningu á Norðurlöndum, leiki og leikjahefðir, nýja fjölmiðla og tjáningarform barna og unglunga.

Að framleiða meira af stafrænu menningarefni

Íslendingar leggja mikla áherslu á að brúa hina svokölluðu stafrænu gjá, eða misgreiðan aðgang samfélags hópa að upplýsingum. Óflug stafræn menning hlýtur að vera markmið í upplýsingasamfélagi og því ber að nýta tæknina betur í nýsköpun. Lítil málsamfélög og þröngur markaður gera það hins vegar að verkum að ekki hefur skapast lífvænlegur jarðvegur til að framleiða stafrænt efni sem sprettur úr norrænum veruleika. Kannaður verður sá möguleiki að setja á fót norrænan margmiðlunarsjóð með það að markmiði að framleiða meira af norrænu menningarefni. Með slíkum sjóði mætti lyfta grettistaki.

Að kynna betur norræna menningu

Ekki er nóg að styrkja norrænt menningarsamstarf heldur þarf einnig að kynna betur norræna menningu og leita leiða til að samræma störf ráðherranefndarinnar á erlendum vettvangi. Á árinu verður sjónum beint að ríkjum á Balkanskaga og athugað hvernig megi efla enn frekar tengslin við Bretlandseyjar. Þá munu Íslendingar beita sér fyrir því að kannað verði hvaða möguleikar eru á að kynna norræna menningu í Japan í tengslum við heimssýninguna 2005. Stefnt er að því að efna til málþings í september 2004 um norrænar menningarkynningar.



Menntir og vísindi

Íslendingar leggja áherslu á að norrænn mennta- og vísinda-markaður sé sem mest einn og óskiptur. Það skilar sér í skilvirkari vinnubrögðum og víxlverkun milli einstakra hluta hans.

Íslendingar ætla að fylgja eftir árangursríku starfi Svía á sviði mennta og vísinda, meðal annars í samræmi við skýrsluna *Réttindi Norðurlandabúa*. Unnið verður að því að festa í sessi nýtt fyrirkomulag styrkjaverkefna undir samheitinu *Nordplus*, uppbyggingu *Nordunet3* og breytingum á norrænum rannsóknarstofnunum. Jafnframt verður framfylgt stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði mennta og vísinda fyrir árin 2000–2004. Íslendingar munu beita sér fyrir því að mótuð verði samhæfð stefna til næstu ára hjá ráðherranefndinni á sviði mennta og vísinda. Lögð verður áhersla á aukið samstarf um þverfagleg verkfni hjá ráðgjafanefndum á þessum sviðum.

Lífsleikni og lífandi skóli

Íslendingar vilja að sérstaklega verði fjallað um lífsleikni á árinu 2004. Sú umfjöllun verði tengd öðrum hugtökum sem borið hafa hátt í umræðum um skólastarf á norrænum vettvangi. Viðfangsefni eins og lýðræði sem hugsunar-

háttur, færni og stjórnarform, þar sem áhersla er lögð á að virkja ungt fólk, hljóta að veða þungt þegar verið er að byggja upp heilsteyptan einstakling. Eðlilegt er að þau verði í brennidepli í umfjöllun um lýðræði sem auðlind á þemaráðstefnu árið 2004, *Menntun og mannauður – lífandi skólasamfélag til framtíðar*.

Skilvirkara rannsóknarsamstarf

Stuðlað verður að auknu samstarfi milli norrænna háskóla og samstarfi þeirra við stofnanir sem stunda öndvegisrannsóknir í því skyni að bæta gæði rannsóknarmenntunar. Norðurlönd eiga jafnframt að vera fyrirmynd í því efni að samþætta rannsókn- og nýsköpunarkerfi líkt og ESB lýsir eftir í áætlun um evrópska rannsóknarsvæðið. Íslendingar ætla að fylgja eftir niðurstöðum *hvitbókar* um Norðurlönd sem framúrskarandi svæði fyrir rannsóknir og nýsköpun, sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2003¹. Þar ber hæst tillögur um að tengja sem best háskóla, rannsóknarstofnanir og sjóði sem styðja rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Jafnframt vilja Íslendingar leitast við að samræma aðgerðir og efla samstarf ráðherranefnda og stofnana sem starfa á þessum sviðum. Í samvinnu þessara aðila verður á árinu haldin alþjóðleg ráðstefna um hvernig móta megi og framfylgja árangursríkri vísinda- og tæknistefnu.

¹ Gustav Björkstrand – *Nordisk forskning och innovation - globalt ledande genom ökad samarbete*. Åbo 2003.



Nýsköpun í norrænu atvinnulífi

Yfirlýst markmið er að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og ryðja úr vegi sem flestum hindrunum fyrir því að Norðurlönd verði sameiginlegur heimamarkaður. Íslendingar munu setja þessi markmið á oddinn. Þáttur í því verður að greina þann mun sem enn er á starfsskilyrðum norræna fyrirtækja og hamlar þróun þeirra og samkeppnishæfni. Þá verður lagt mat á hvernig afnema megi þessar hindranir og efla streymi þekkingar og fjármagns á milli landanna.

Leitað verður leiða til þess að minnka bilið á milli vísindarannsókna og nýsköpunar í atvinnulífinu. Niðurstöður *hvítbókarinnar* verða innlegg í þá umfjöllun. Samkeppnisstaða landanna og efnahagsframfarir byggja að verulegu leyti á því að sem best samfella sé á milli þessara tveggja mikilvægu þátta. Íslendingar vilja leggja sitt af mörkum til þess að skapa meiri skilning á þessu og að áfangi náist í að efla samstarf þeirra sem stunda vísindarannsóknir og þeirra sem vinna að nýsköpun í atvinnulífinu. Mikilvæg forsenda þess er samstarf ráðherranefndar mennta og vísinda við ráðherranefnd atvinnumála.

Áhersla verður lögð á að auka samstarf norræna stofnana sem hafa á dagskrá að bæta norrænt og alþjóðlegt umhverfi atvinnulífsins. Þá verður unnið að því að skapa tengsl milli

þeirra og nýrrar stofnunar, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, sem tekur til starfa í byrjun árs 2004 á grunni Norræna iðnaðarsjóðsins og Norrænu prófunarstofunnar. Íslendingar telja að nýja stofnunin geti gegnt lykilhlutverki, einkum við að efla samstarf um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun, en einnig til að afnema hindranir fyrir viðskiptalegum framförum. Lögð verður áhersla á að stofnunin fái góða kynningu á sínu fyrsta starfsári og að hún verði viðurkennd sem burðarás í nýsköpun og efnahagsþróun á Norðurlöndum.

Á grundvelli skýrslunnar *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi* verður leitað leiða til að styrkja atvinnulíf og efnahagsþróun í Færeyjum og á Grænlandi. Lögð verður áhersla á rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu og að mynduð verði tengslanet fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Nám óháð búsetu

Fullorðinsfræðsla í víðustu merkingu tekur örum breytingum. Dreifmenntun eykur tækifæri til náms þar sem hefðbundnum skólum verður ekki við komið. Einnig skapar dreifmenntun ný tækifæri fyrir skólasamstarf innanlands og utan. Kannað verður hvernig fella megi fullorðinsfræðslu og dreifmenntun inn í byggðaaætlanir á Norðurlöndum svo virkja megi betur mannauð í dreifðum byggðum.



Norrænt málráð

Mikilvægt er að styrkja stöðu norrænna tungumála, innan Norðurlanda sem utan. Íslendingar vilja stuðla að því að nýtt málráð Norðurlanda ryðji norrænum málum braut og styrki stöðu þeirra í enskuskotnu málumhverfi ungs fólks. Leitað verður leiða til að efla norrænan mál-skilning og huga þarf sérstaklega að vanda fámennra málsvæða.

Mannauðurinn

Þar sem fólkíð sjálf er frjóasta auðlind Norðurlanda er mikilvægt að vita hvernig hún verði best ræktuð og nýtt. Kjölfestan í norræna velferðarlíkaninu er samábyrgð á vel-ferð og öryggi einstaklingsins og þar byggja norrænu ríkin á sömu gildum.

Efla þarf lýðheilsu

Aðgerðir til að efla lýðheilsu miðast við að bæta heilbrigði þjóða eða tilgreindra samfélagshópa með skipulegum, viðurkenndum og vísindalega sannreyndum aðgerðum. Þetta hefur skilað sér í því að lýðheilsustofnunum hefur verið komið á fót í öllum norrænu ríkjum. Íslendingar vilja styrkja samstarf norrænna lýðheilsustofnana og munu beita sér fyrir því að fulltrúar þeirra hittist á árlegum sam-ráðsfundum.

Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

Íslendingar leggja áherslu á að efla og nýta betur mannaú-
inn í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Brynt er að bæta þjón-
ustu við borgarana og auka færni starfsfólks í samfélagþjón-
ustu með því að hagnýta upplýsingatækni og safna gögnum
með skipulegum og öruggum aðferðum. Meginviðfangsefnið
er að koma upp heilbrigðisneti með rafrænum sjúkraskráum og
margs konar gagnagrunnum. Löndin eru komin mislangt á
þessu sviði og því er mikilvægt að taka höndum saman. Kanna
þarf forsendur fyrir samstarfi við að þróa rafrænar sjúkraskrár
og verður lögð áhersla á rannsóknir í þeim tilgangi.

Starfsmannastefna í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Heilbrigðis- og félagsþjónusta á Norðurlöndum krefst
mikils mannafla og færni starfsfólks hefur mikla þýðingu.
Menntun norræns heilbrigðisstarfsfólks er góð og þann
mannauð þarf að efla eftir því sem kostur er. Í upphafi
nýrrar aldar standa flest landanna þó frammi fyrir því að
skortur er á heilbrigðisstarfsfólki, ójafnvægi er á milli sér-
greina og heilbrigðisþjónustan á í vaxandi samkeppni við
aðrar atvinnugreinar um starfsfólk.

Á árinu 2004 verður unnið að því að miðla á milli landanna
upplýsingum um starfsmannastefnu í heilbrigðis- og félags-
þjónustunni og helstu nýjungum í starfsmannamálum.



Samhæfð þjónusta fyrir aldraða

Eitt af þeim verkefnum sem leysa þarf til að bæta þjónustu við aldraða er að þróa og samhæfa þjónustunet með heimilishjálp og heimahjúkrun, öldrunarlækningadeildum og vistun á stofnunum. Jafnframt þarf fleiri úrræði til þess að mæta tímabundnum þörfum eldri borgara. Mikilvægt er að gamalt fólk geti með stuðningi búið sem lengst á heimilum sínum og tekið virkan þátt í daglegu lífi. Þá er brýnt að gera störf í öldrunarþjónustunni eftirsóknarverðari og efla menntun starfsfólks. Íslendingar munu leggja til að framtíðarsýn í málefnum aldraðra verði rædd á norrænum vettvangi.

Nýjar leiðir í atvinnumálum fatlaðra

Þjónusta við fatlaða stendur á tímamótum. Ný og breytt viðhorf eru að ryðja sér til rúms og horft er meira til möguleika og getu. Á Evrópuári fatlaðra 2003 var meginverkefnið að finna árangursríkari leiðir til að tryggja fulla atvinnu fatlaðra. Íslendingar ætla að leggja til að leitað verði nýrra leiða í atvinnumálum fatlaðra. Jafnframt þessu telja Íslendingar eðlilegt að jafna eftir því sem kostur er rétt fatlaðra og annarra til náms og starfs og veita þeim fleiri tækifæri til að takast á við lífið á eigin forsendum. Því er lagt til að Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra, NSH, kanni möguleika á norrænum starfsmannaskiptum fyrir fatlaða sem starfa á vernduðum vinnustöðum. Stefnit skal að því að hringa af stað tilraunaverkefni á árinu 2004.

Betri þjónusta við börn með sérþarfir

Íslendingar munu leggja til að Norðurlöndin taki saman yfirlit yfir þjónustu sem veitt er börnum með ýmsar sérþarfir og fjölskyldum þeirra. Kannað verði sérstaklega hvort þjónusta sem hingað til hefur einungis verið ætluð t.d. fjölskyldum með fötluð börn geti einnig gagnast öðrum fjölskyldum sem þurfa á aðstoð að halda svo sem vegna veikinda eða félagslegra aðstæðna.

Samstarf um vímuvarnir

Íslendingar telja skoðanaskipti og gagnkvæma upplýsingamiðlun um vímuefnaneyslu á Norðurlöndum mikilvæga til að draga megni úr misnotkun. Eins leggja þeir áherslu á að Norðurlönd styrki samstarfið um varnir gegn vímuefnum og komi sér saman um sameiginleg baráttumál í alþjóðasamstarfi. Lagt er til að gerð verði norræn könnun á árangri meðferðarúrræða sem eru í boði fyrir unga vímuefnaneytendur.

Fangar fá meðferð

Norðurlönd hafa tekið virkan þátt í sóttvörnum á vegum Eustrasaltsráðsins meðal annars í fangelsum í Eustrasaltsríkjunum og Rússlandi. Mikilvægt er að gera samanburðarrannsóknir í norrænum fangelsum og afla frekari vitneskju um heilsufar fanga, smitleiðir, sóttvarnir og fíkniefnaneyslu. Einnig er brýnt að bjóða fíklum í afplánun tímabundin úrræði í tilraunaskyni og nýta fangavistina til virkrar meðferðar.



Húsnæði fyrir alla

Allir þurfa þak yfir höfuðið og því er það eitt af meginviðfangsefnum stjórnvalda á hverjum tíma að sjá til þess að allir njóti þess að búa í öruggu húsnæði. Með þetta að leiðarljósi munu Íslendingar vinna áfram eftir samstarfsáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum fyrir tímabilið 2002–2005.

Lögð verður áhersla á verkefni sem miðar að því að gera yfirlit um stöðu húsnæðismála á ólíkum byggðasvæðum. Það verður unnið í samstarfi við embættismannanefnd um byggðamál og Norrænu miðstöðina um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio). Fjallað verður um félagslega húsnæðisstefnu á ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi á formennskuárinu.

Stefnt er að því að hleypa af stokkunum verkefnum um sjálfbæra þróun á vettvangi húsnæðis- og byggingarmála. Undir forystu Dana hefur verið unnið að forverkefni um reynslu af borgarstefnu á Norðurlöndum sem verður kynnt á ráðstefnu í Danmörku á árinu 2004.

Markviss byggðastefna

Íslendingar vilja setja tvo meginþætti í byggðamálum á oddinn, aukna notkun upplýsingatækni og aðgerðir til að byggja upp öflugt mennta- og menningarstarf í dreifðum

byggðum. Stefnt skal að því að efla netsamstarf og fjarstarf á grundvelli könnunar um stefnu og skipulag í breiðbandsmálum á Norðurlöndum.

Lagt er til að háskólum á jaðarsvæðum verði falið að rannsaka þýðingu fjarnáms fyrir byggðaðróun og þýðingu fjarlækninga í heilbrigðisþjónustu.

Íslendingar ætla að styðja áherslur *Norðurslóðaáætlunar* ESB um notkun upplýsingatækni í viðskiptum og markaðssetningu.

Leitað verður leiða til að auka atvinnumöguleika kvenna og ungs fólks í dreifbýli og haft um það samstarf á norrænum vettvangi.

Leitast verður við að efla starfsemi Norrænu miðstöðvarinnar um rannsóknir og þróun í byggðamálum. Lagt er til að henni verði falið að meta árangur af byggðaaðgerðum á Norðurlöndum.

Áhersla verður lögð á samstarf innan áætlana Evrópusambandsins um svæðaðróun á Norðurlöndum. Mikilvægt er að vinna saman að samgöngubótum og húsnæðismálum til að efla atvinnu og búsetu á jaðarsvæðum. Íslendingar ætla á árinu 2004 að beita sér fyrir frekari stuðningi við svæða-



samstarf í norrænum landamærahéruðum og fylgja eftir til-
lögum í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*.

Burt með kynbundinn launamun

Íslendingar ætla á árinu 2004 að leggja áherslu á aðgerðir
til að draga úr kynbundnum launamun í samræmi við
áætlun ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Í því sam-
bandi verður unnið að því að styrkja samstarf milli jafn-
réttissviðs og vinnumálasviðs.

Norrænn vinnumarkaður er enn kynjaskiptur þótt konur hafi
markvisst verið hvattar til að hasla sér völl í hefðbundnum
karlastörfum. Íslendingar telja einnig mikilvægt að beina
sjónum að hefðbundnum kvennastörfum þannig að karlar
fái tækifæri til að gegna umönnunar- og uppeldisstörfum.

Mikilvægur þáttur í því að koma á jafnrétti er að tryggja
jafnan rétt kynja til að taka foreldra- og fæðingarorlof.
Íslendingar stefna að því að gera á árinu samanburðar-
rannsókn á reynslu norrænna foreldra af fæðingarorlofi
sem og þeim hindrunum sem kunna að vera fyrir því að
fólk nýti sér þennan rétt.

Á árinu 2004 verða 30 ár liðin frá því að ráðherranefndin
um jafnréttismál var stofnuð. Íslendingar vilja minnst

þess, meðal annars með því að líta yfir farinn veg og sjá
hvað hefur áunnist og hvað hefði betur mátt fara.

Frjáls för vinnandi fólks

Mikilvægt er að hrinda í framkvæmd verkefni um gagn-
kvæma viðurkenningu starfsréttinda á Norðurlöndum.
Einnig munu Íslendingar beita sér fyrir því að byggt verði á
niðurstöðum verkefnis um áhrif vinnumiðlunar á svæðum
með einhæft atvinnulíf og þar þyrfti að gera frekari vinnu-
markaðsrannsóknir.

Ýmis teikn eru um að eldri starfsmenn eigi undir högg að
sækja á vinnumarkaði og að starfskraftar þeirra nýtist ekki
sem skyldi. Því vilja Íslendingar beita sér fyrir því að staða
eldri launþega á vinnumarkaði verði könnuð. Þá verður
stuðlað að meira samráði til að bæta heilsuvernd og öryggi
starfsmanna við stórframkvæmdir.

Áfram verður unnið að því að gera úttekt á reglum sem
hindra frjálsa för yfir norræn landamæri og hugað að
atvinnu og félagslegum réttindum borgara þriðju ríkja með
löglega búsetu. Þá munu Íslendingar beita sér fyrir því að
samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði vinnumála og vinnu-
verndar verði endurskoðuð og að lögð verði drög að nýrri
áætlun fyrir tímabilið 2005–2008.



Samkeppni um fræðsluefni fyrir neytendur

Norðurlandabúar eru vakandi yfir réttindum sínum á sviði neytendamála og gera kröfur um gæði, verð og öryggi í viðskiptum. Í því felst gott aðhald fyrir atvinnulífið og stjórnvöld. Þetta á sérstaklega við nú þegar viðskiptaumhverfi breytist hratt með hnattvæðingu, stórfelldri aukningu á rafrænum viðskiptum, einkavæðingu og samruna fyrirtækja. Mikilvægt er að tryggja réttaröryggi neytenda í viðskiptum á frjálsum og opnum samkeppnismarkaði.

Íslendingar munu beita sér fyrir því að haldin verði málþing á sviði neytendamála, annars vegar um neytenda-

vernd og hins vegar um lífsstíl og neysluvenjur ungs fólks. Einnig verða hagir neytenda á Vestur-Norðurlöndum skoðaðir sérstaklega í samstarfsverkefnum.

Efnt verður til samkeppni á Norðurlöndum á árinu 2004 um besta fræðsluefnið um neytendamál og er stefnt að því að veita viðurkenningu í tengslum við þing Norðurlandaráðs á Íslandi 2005.

Íslendingar vilja stuðla að því að samstarfsnetið um neytendamál og neytendarannsóknir verði betur nýtt til að gera áætlanir fyrir norrænt samstarf á þessu sviði.





- Fylgt verður eftir tillögum og ábendingum á sviði menningar, mennta og vísinda sem settar voru fram í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*.
- Haldinn verður sameiginlegur ráðherrafundur Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og Norður-Rússlands um samstarf á sviði mennta og vísinda.
- Efnt verður til ráðstefnu um auðsuppsprettuna í norrænum fornbókmenntum.
- Stefnt er að því að halda málþing um útrás norrænnar menningar.
- Skoðaður verður sá kostur að stofna norrænan margmiðunarsjóð til að efla framleiðslu á stafrænu menningarefni.
- Lífsleikni verður lykilorð á þemaráðstefnunni *Menntun og mannauður – lifandi skólasamfélag til framtíðar*.
- Áhersla verður lögð á að fylgja eftir tillögum *hvítbókar* um Norðurlönd sem framúrskarandi svæði fyrir rannsóknir og nýsköpun. Efnt verður til alþjóðlegrar ráðstefnu til að ræða þær.
- Unnið verður að því að byggja brýr milli vísindasamfélagsins og þeirra sem vinna að nýsköpun í atvinnulífinu.
- Kannað verði hvernig fella megi fullorðinsfræðslu og dreifmenntun inn í byggðaáætlanir á Norðurlöndum svo virkja megi betur mannaúð í dreifðum byggðum.
- Lagt er til að framtíðarsýn í málefnum aldraðra verði rædd á norrænum vettvangi.
- Leitað verður nýrra leiða í atvinnumálum fatlaðra og hrint úr vör tilraunaverkefni um starfsmannaskipti á vernduðum vinnustöðum á Norðurlöndum.
- Gerð verður norræn könnun á árangri meðferðar sem í boði er fyrir unga vímuefnaneytendur.
- Háskólum á jaðarsvæðum verður falið að rannsaka þýðingu fjarnáms og fjarlækninga fyrir byggðaþróun.
- Haldnar verða ráðstefnur um félagslegan þátt húsnæðismála og árangur af borgarstefnu.
- Leitað verður leiða til að auka atvinnumöguleika kvenna og ungs fólks í dreifbýli.

- Lagt er til að gerð verði samanburðarrannsókn á reynslu foreldra af fæðingarorlofi á Norðurlöndum.
 - Staða eldri launþega á vinnumarkaði verður könnuð.
 - Samin verður ný norræn samstarfsáætlun á sviði vinnu- mála og vinnuverndar.
 - Haldin verða málþing um neytendavernd og neyslu- venjur ungs fólks.
 - Efnt verður til samkeppni um besta norræna fræðslu- efnið fyrir neytendur.
-





Náttúra

Norðurlönd hafa þá sérstöðu að þar eru meiri víðerni ósnortinnar náttúru en víðast hvar í Evrópu. Þau eru mikil auðlegð sem augu manna hafa verið að opnast fyrir, enda jafnan ógerlegt eða mjög kostnaðarsamt að endurheimta náttúru sem hefur verið spillt. Áhersla verður því lögð á að vernda þessi auðæfi og nýta á sjálfbæran hátt.

Kannað verður hvaða þýðingu þjóðgarðar og friðlýst svæði hafa fyrir afkomu, útivist og almennt heilbrigði. Einnig er brynt að skoða hvernig samræma megi náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda. Íslendingar ætla að boða til ráðstefnu um þessi mál á haustmánuðum 2004. Sérstök áhersla verður lögð á þátttöku frjálsra félagsamtaka til að tryggja lýðræðislega umræðu. Það er rökrett framhald af ráðstefnu sem haldin var að frumkvæði Svía 2003 um skóginn á Norðurlöndum. Meginmarkmið er að efla áhuga frjálsra félagasamtaka á norrænu samstarfi og skapa farveg fyrir samræður þeirra sín á milli og við stjórnvöld.

Íslendingar leggja jafnframt ríkt á um að norrænni áætlun um sjálfbæra þróun verði fylgt eftir og að hún taki til fleiri þátta. Unnið er að nýrri og endurskoðaðri áætlun fyrir tímabilið 2005–2010 sem tekur gildi þegar formennskutíma Íslendinga lýkur.

Verndun hafsins

Norræna umhverfisáætlunin sem gildir til loka árs 2004 er sá grunnur sem samstarfið um umhverfisvernd byggir á. Mikilvægt verkefni Íslendinga á formennskutímanum verður að undirbúa nýja umhverfisáætlun.

Veiðar eru langt í frá það eina sem hefur áhrif á lifandi auðlindir hafsins. Umhverfisþættir og óbein áhrif af athöfnum mannsins ráða þar líka miklu. Loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu verða í brennidepli á árinu með tilliti til áhrifa þeirra á lífríki hafsins. Íslendingar ætla að leggja til að umhverfis- og sjávarútvegsgeirinn taki höndum saman og skipuleggi ráðstefnu þar sem fjallað verður um hvernig vernda megi lífríki hafsins. Stefnt er að því að ráðstefnan verði haldin á vordögum 2004.

Örugg matvæli

Matarkistur lands og sjávar eru gjöfular en um leið viðkvæmar náttúruauðlindir sem umgangast ber með gát.



Því þarf að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra, stemma stigu við hvers konar mengun og efla hreinlæti við úrvinnslu og eftirlit á efnainnihaldi afurða.

Á formennskutíma Íslendinga verður fylgt eftir áætlunum og ákvörðunum ráðherranefndarinnar um matvæli. Þar ber hæst *Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf um matvæli til ársins 2004* og *Ráðherrarýrlýsingu um aukið matvælaöryggi á Norðurlöndum* eða svokallaða *Grænlandsyfirlýsingu* frá 2002.

Íslendingar ætla að leggja áherslu á fræðslu fyrir neytendur um öryggi matvæla, þ.m.t. neysluvatns og leiðir til að sporna gegn mengun. Stefnt er að fræðsluátaki í efri bekkjum grunnskólanna og verður sérstaklega reynt að efla almennan skilning á því að neysluvatn er mikilvæg auðlind.

Fylgt verður eftir ályktun matvælaráðherranna frá 2003 um að efla skuli samstarf þriggja embættismannanefnda sem starfa að matvælamálum. Þannig verður á árinu reynt að samstillta eins og kostur er aðgerðir til að tryggja hagsmuni neytenda og matvælaframleiðenda. Í þessu skyni verður haldin sameiginleg ráðstefna undir yfirskriftinni *Örugg matvæli – rekjanleiki, heilnæmi, hollusta*.

Heilnæmar sjávarafurðir

Til að hafa um alla framtíð hámarksafrafstur af auðlindum hafsins þarf að nýta þær á hagkvæman hátt. Það markmið næst einungis með því að tryggja sjálfbærar fiskveiðar, sporna gegn mengun og halda á lofti hollustu og heilnæmi sjávarafurða. Íslendingar munu beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja heilnæmi sjávarafurða og miðla upplýsingum um slíkt til neytenda. Á því sviði munu Íslendingar taka upp merki fyrri formennskupjóða. Má þar nefna aðgerðir Svía til að koma í veg fyrir mengun í sjávarfangi af völdum PCB og annarra þrávirkra efna. Íslendingar setja á oddinn að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða. Þær mætti varðveita í samræmdum gagnabanka þar sem leita mætti upplýsinga um sérstöðu ólíkra hafsvæða og tegunda. Slíkt verkefni kallar á mikla vinnu og samstarf heima og heiman. Íslendingar ætla að nota formennskutímamann til að yta þessu stóra verkefni úr vör.

Erfðaauðlindir í dýrum og plöntum

Þróun landbúnaðar og búseta í dreifðum byggðum byggir að miklu leyti á sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda. Mikil áhersla verður því lögð á verkefni sem lúta að varðveislu og þróun á hefðbundnum erfðaauðlindum í búfé og nytja-plöntum, auk tækifæra sem felast í að nýta villtar lífverur.



Á formennskutímanum verður haldin ráðstefna um þróun landbúnaðarsamstarfs á Vestur-Norðurlöndum og unnið að verkefnum sem tengjast áhrifum skógræktar á umhverfið og samfélagsþróun í dreifðum byggðum.

Vetni og endurnýjanlegar orkulindir

Á síðustu árum hefur norrænt samstarf í orkumálum beinst að þremur kjarnasviðum: opnun raforkumarkaðar, loftslagsvanda og samvinnu við Eystrasaltsríkin. Einnig hefur verið unnið að verkefnum sem miða að meiri orkunýtni og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á jaðarsvæðum. Þar hefur Norræna orkurannsóknarstofnunin gegnt veigamiklu hlutverki. Betri orkunýting fellur einkar vel að helstu stefnumiðum Íslendinga. Óviða eru jafn miklar orkuauðlindir og á Norðurlöndum og þar eru menn jafnframt í fararbroddi við að nýta endurnýjanlegar orkulindir. Þá búa Norðurlandabúar yfir mikilli reynslu og sérþekkingu á sviði orkumála.

Norrænu ríkin eiga einstakt samstarf um að opna raforkumarkaðinn og eru fyrirmynd annarra um hvernig koma megri á sameiginlegum frjálsum orkumarkaði. Öll norrænu ríkin hafa staðfest Kyotobókunina og sýnt vilja til þess að hrinda úr vör samstarfsverkefnum til að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda við Eystrasalt. Samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland hefur beinst að því að styrkja raforkumarkað þeirra og auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Íslendingar leggja áherslu á að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á kjarnasviðunum þremur. Þeir vilja leita leiða til að auka hlut endurnýjanlegrar orku á Vestur-Norðurlöndum, sérstaklega í Færeyjum og á Grænlandi, sem eru háð olíunotkun við húshitun og raforkuframleiðslu. Mikilvægt er að gera áætlun um orkunotkun svæða og byggðarlaga og kanna kosti þess að nota vindorku og varmadælur til húshitunar. Þá verður lögð áhersla á að auka orkunýtni brennslueldsneytis.

Það er stefna Íslendinga að Norðurlönd verði í fararbroddi í rannsóknum á vetni og vetnissamböndum. Nauðsynlegt er að styrkja rannsóknarsamstarf og kanna hvort og þá á hvern hátt vetni geti aukið notkun á endurnýjanlegri orku á Vestur-Norðurlöndum. Íslendingar vilja jafnframt efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap. Vatnsorkulindir Norðurlanda eru viðkvæmar fyrir hitabreytingum sem spáð hefur verið á næstu árum og því er nauðsynlegt að vaka vel yfir þessari auðlegð.



Samgöngur og sjálfbær ferðaþjónusta

Íslendingar leggja megináherslu á öryggismál í samgöngum. Í samræmi við tillögur í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi* verður einnig unnið að því að efla samgöngur í útnorðri. Unnið verður að því að móta stefnu fyrir menningartengda ferðaþjónustu og lögð áhersla á stefnu-mörkun og aðgerðaráætlun í sjálfbærri ferðaþjónustu á norðurskautssvæðum. Þá verður leitast við að tryggja aðgengi fyrir hreyfihamlaða ferðamenn og gera Norðurlönd að ákjósanlegum áfangastað fyrir þá.

Norðaustursiglingaleiðin

Alþjóðleg samtök, stofnanir og fyrirtæki hafa kannað möguleikana á að opna nýja flutningaleið frá landluktum héraðum Mið-Asíu og tengja hana við flutningaleið Norður-Evrópu til Bandaríkjanna. Við það myndi flutningaleið á milli Ameríku og Mið-Asíu stytta verulega. Mikill ávinningur yrði af slíkri samgöngubót. Íslendingar munu beita sér fyrir því að Norðurlönd leggi þessu verkefni lið.





- Áhersla verður lögð á að vernda ósnortna náttúru og nýta hana á sjálfbæran hátt.
- Efnt verður til ráðstefnu um þýðingu þjóðgarða og friðlýstra svæða fyrir afkomu, útivist og heilbrigði.
- Ný norræn umhverfisáætlun er forgangsverkefni.
- Á vordögum 2004 verður haldin ráðstefna um hvernig vernda megi lífríki hafsins.
- Efla skal rannsóknir á vetni og finna leiðir til að nýta betur endurnýjanlegar orkulindir.
- Unnið verður að því að auka notkun endurnýjanlegrar orku á Vestur-Norðurlöndum, sérstaklega í Færeyjum og á Grænlandi.
- Styrkja skal rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda.
- Unnið verður að því að móta stefnu fyrir menningar-tengda ferðaþjónustu á Norðurlöndum og fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu á norðurskautssvæðum.
- Gert verður átak í fræðslu um örugg matvæli og haldin norræn ráðstefna undir yfirskriftinni *Örugg matvæli, rekjanleiki, heilnæmi og hollusta*.
- Stuðlað verður að aðgerðum til að tryggja heilnæmi og hollustu sjávarafurða og miðla upplýsingum um það til neytenda.
- Hrint verður úr vör viðamiklu verkefni sem miðar að því að koma upp fjölþjóðlegum gagnabanka um fiskstofna, sérstöðu hafsvæða og merkingar á sjávarfangi.
- Haldin verður ráðstefna um þróun landbúnaðarsamstarfs á Vestur-Norðurlöndum.
- Lögð verður áhersla á verkefni sem lúta að breyttri landnýtingu svo sem skógrækt, einkum áhrifum hennar á vistkerfi, félagslegt umhverfi og þróun í dreifðum byggðum.

*Brandur af brandi
brennur uns brunninn er.
Funi kveikist af funa.
Maður af manni
verður að máli kunnur
en til dælskur af dul.*

Úr Hávamálum



Norræna

RÁÐHERRANEFNDIN

www.norden.org